

# Skólaráð Smáraskóla 2016-2017



Fyrsti fundur skólaráðs þann 08.09.2016 kl. 8:00 í Melkoti.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2016-2017. (Mættir fulltrúar eru feitleitraðir).

**Friðþjófur Helgi Karlsson skólastjóri, Árni Árnason fulltrúi foreldra, Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Guðmundína Kolbeinsdóttir fulltrúi kennara, Hrefna Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Ingibjörg Birna Ólafsdóttir fulltrúi foreldra/grenndarsamfélagsins boðaði forföll, Ingibjörg Bragadóttir fulltrúi annars starfsfólks, Erkia Gísladóttir fulltrúi nemenda, Anna Lena Halldórsdóttir fulltrúi nemenda og Anna María Skúladóttir áheyrnarfulltrúi.**

Dagskrá:

## 1. Skóladagatal Smáraskóla 2016 -2017.

Farið var yfir skóladagatalið og sérstaklega tekið fyrir ein breyting sem Smáraskóli hefur óskað eftir að gerð verði á dagatalinu. Sótt hefur verið um til Skólanefndar að færa skipulagsdagana 21. nóvember og 14. mars til og setja þá 17. nóvember og 18. nóvember þar sem starfsfólk skólans hefur í hyggja að fara í skólaheimsókn til Ungverjalands. Opið yrði í dægradvöl báða dagana. Skólaráð samþykkti þessa tilfærslu á skipulagsdögum. Ábending kom frá fulltrúa foreldra um að fá útskýringar með skóladagatalinu þ.e.a.s. upplýsingar um hversu margir kennsludagar eiga að vera, hversu margir dagar mega vera skertir o.s.frv. þar sem foreldrar hafa ekki þessar upplýsingar.

## 2. Upphaf skólastarfs skólaársins 2016-2017.

- Skólaárið fer ágætlega af stað en mikið hefur verið um það í haust að nemendur eru að mæta óskráðir í skólann. Einnig hefur verið nokkuð um það að nemendur sem búa ekki í okkar hverfi eru að óska eftir því að koma í skólann til okkar og taka skólarnir almennt við nemendum ef pláss er í skólanum.
- Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á starfsmannahópnum. Nýr aðstoðarskólastjóri er kominn við skólann, Anna María Skúladóttir sem og nýr deildarstjóri unglíngastígs, Aðalheiður Ævarsdóttir, sem var ráðinn inn eftir að stjórnunarkvóti í grunnskólum Kópavogs var aukinn. Nýr sálfræðingur er einnig við skólann en hún heitir Tinna Björk Baldvinsdóttir. Nokkrir nýir kennara hófu störf við skólann í vetur og einhverjir fóru í leyfi. Nemendur í skólanum eru orðnir 390 og fer þeim fjölgandi.
- Móttökudeild fyrir nýbúa í Álfhólsskóla hefur breytt starfsemi sinni þannig að hún er ekki að þjónusta alla nemendur af erlendu bergi. Reynt verður að haga því þannig að þessir nemendur fari í sína heimaskóla. Skólarnir fá sérúthlutun fyrir þá nemendur sem hafa dvalið hér á landi 3 ár eða skemur.
- Ýmis þróunarverkefni eru í gangi í skólanum þar á meðal Heilsueflandi skóli, Skólar á grænni grein, Uppeldi til ábyrgðar, Spjaldtölvur í skólastarfi og læsismál. Við munum í vetur móta nýja stefnu í læsismálum fyrir skólann. Ýmis verkefni eru á næsta leyti varðandi heilsueflandi skóla s.s. Göngum í skólann og Smáraskólahlaupið.

## 3. Viðhald og endurbætur.

- Starfshópur var skipaður á vegum bæjarins til að taka út skólalóðir Kópavogsbæjar. Frá þessum starfshópi kom tillaga um að við Smáraskóla yrði byrjað á því að taka til hendinni varðandi búnað og leiktæki á útsvæði yngstu

# Skólaráð Smáraskóla 2016-2017



nemenda. Því næst var lagt til að sparkvöllurinn yrði færður inn á skólalóðina og að lokum yrði búið til útikennslusvæði fyrir ofan skólann þar sem yrði útbúin kennslustofa með eldunaraðstöðu og fleira. Einnig kemur fram í skýrslunni að nýta ætti betur svæðið á milli skóla og íþróttamannvirkja. Vonumst við til þess að þessar framkvæmdir geti hafist næsta vor. Friðþjófur ætlar að senda fulltrúm ráðsins skýrslu sem gefin var út í tengslum við úttektina.

- Umræður voru um framkvæmdir á sviði íþróttamála í bænum. Skipt hefur verið um kurl á sparkvellingum hjá okkur.
- Nokkrar skólastofur voru málaðar í sumar. Þrjár skjávarpar voru settir upp hjá okkur og því búið að skjávarpavæða allar kennslustofur í skólanum. Búið er að endurnýja gardínur undanfarið en nú er komið að því að endurnýja þarf nemendastóla hjá okkur og eru umræður um það í bænum að byrja þarf á því að endurnýja búnað í elstu skólunum.

#### 4. Önnur mál.

- Guðlaug Harpa benti á umferðaröngþveitið í kringum skólann á morgnana. Eitthvað þarf að gera í því hve margir eru að keyra börn sín í skólann og stoppa hingað og þangað til að hleypa börnunum út en virða ekki hringaksturinn sem er við skólann. Nú er Göngum í skólann átakið að hefjast og því tilvalið að senda póst á foreldra og hvetja þá til að senda börnin gangandi/hjólandi í skólann. Fulltrúar foreldra í ráðinu bjóðast til að aðstoða við að taka á þessu ef þeir geta.
- Hjólagrindur, rætt var um hvort nóg væri af hjólagrindum í kringum skólann. Þessi liður var tekinn út af bænum fyrir nokkru og talið var að Smáraskóli væri hlutfallslega í góðu lagi miða við aðra skóla í Kópavogi. Rætt var um að það þyrfti mögulega grindur fyrir stærri hjól.

Fundi slitið kl. 9:10

Ritari: Anna María Skúladóttir